

**Sp. 857. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]**

um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða á þessu ári sem mestan hluta af ógoldnum, lögboðnum framlögum ríkissjóðs til bæjar- og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar skóla, sjúkrahúsa, íþróttamannvirkja og hafnarframkvæmda.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða umræddar skuldir af tekjuafgangi ríkissjóðs 1953 og 1954, svo og að taka lán í þessu skyni, ef með þarf.

**Greinargerð.**

Viða í lögum eru skyldur lagðar á bæjar- og sveitarfélög um ýmsar framkvæmdir og starfsemi. Jafnframt er þá stundum kveðið á um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði, er af þessu leiðir. Stundum er upphæð þessara framlaga ríkissjóðs bundin við fjárveitingu samkv. fjárlögum, en stundum er hún ákveðin án þess fyrirvara, og er þá ríkissjóði talið skylt að greiða framlög sín jafnóðum og bæjar- og sveitarfélögin greiða sinn hluta, sbr. t. d. rekstrarkostnað skóla.

Hins vegar hefur gengið erfiðlega fyrir bæjar- og sveitarfélög að fá greiddan hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði þeirra framkvæmda, er í þátt. greinir. Hafa yfirleitt ekki fengizt greiddar hærri fjárhæðir en áætlaðar hafa verið í fjárlögum hverju sinni. Við þetta hefur ríkissjóður komizt í skuldir við sveitarfélögin, og hafa þær farið sívaxandi. T. d. námu skuldir ríkissjóðs s. l. haust 12—13 millj. kr. vegna stofnkostnaðar skóla, og hafa þær aukizt síðan.

Með lögum nr. 14/1952 var sýnd nokkur viðleitni í þá átt að grynna á þessum skuldum, því að þar var ákveðið að verja af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 5 millj. kr. til greiðslu á skuld ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar skóla og 2 millj. kr. upp í skuldir hans við hafnargerðir.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1954 voru uppi ákveðnar kröfur um, að teknar skyldu í lögín fjárveitingar til greiðslu á áðurnefndum skuldum. Af þessu varð þó ekki, en bent var á, að málið mætti leysa í sambandi við ráðstöfun á greiðsluafgangi ársins 1953.

Í greinargerð og tillögum fjármálaráðherra um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1953 eru engar fjárhæðir ætlaðar til greiðslu upp í nefndar skuldir. Er þátt. því borin fram, enda vitað, að fjárhagur bæjar- og sveitarfélaga þolir ekki að eiga miklar fjárhæðir hjá ríkissjóði árum saman.